

Ársskýrsla 2009



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsemi og skipulag	4
Sjóðir	6
Alþjóðastarf	11
Greining	14
Vísinda- og tækniráð	16
Útgáfur	17
Viðburðir og viðurkenningar	19
Ársreikningur 2009	23
Úthlutanir	38

Inngangur

Starfsemi Rannsóknamiðstöðvar Íslands eða Rannís árið 2009 einkenndist að nokkru leyti af viðbrögðum við breytingum á efnahagsumhverfi stofnanna og fyrirtækja og leitaðist Rannís við að taka tillit til breytinga við framkvæmd vísinda- og tæknistefnu í ljósi mjög breyttra aðstæðna í samfélaginu. Efnahagshrunið hafði þó ekki mikil áhrif á framlög til samkeppnissjóðanna á árinu 2009 en hafði nokkur áhrif á erlent samstarf, ekki síst við að byggja upp ný tengsl, m.a. þar sem funda- og viðburðasókn erlendis dróst saman vegna aukins kostnaðar.

Á árinu voru samþykkt lög til að stuðla að bættri samkeppnisstöðu nýsköpunarfyrirtækja og efla bæði rannsóknir og þróunarstarf með skattvildun eða skattafrádrætti. Skattvildunin er tvíþætt, annars vegar réttur nýsköpunarfyrirtækja til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar skattafsláttur til þess að hvetja aðila til að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Með lögum nr. 159/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem samþykkt voru í lok árs, var Rannís falið að taka við umsóknum nýsköpunarfyrirtækja og fjárfesta um skattvildun.

Rekstur Rannís gekk vel á árinu, heildarumfang starfseminnar nam tæpum 340 m. kr. samanborið við 300 m. kr. á árinu 2008, framlag á fjárlögum nam tæpum 200 m. kr og numu sértekjur því rúmlega 40% af heildartekjum. Rekstrarafgangur nam 9,2 m. kr. og hefur því tekist á tveimur árum að snúa eigin fé stofnunarinnar þannig að það er nú jákvætt. Miklar breytingar höfðu átt sér stað á starfsmannahaldi hjá stofnuninni á árunum 2007 og 2008, en starfsmannahald komst í allgott jafnvægi á árinu 2009, sem átti sinn þátt í að styrkja innviði Rannís.

Starf Rannís byggir á góðu samstarfi við helstu hagsmunaaðila, ráðuneyti, Vísinda- og tækniráð og starfsnefndir þess og ekki síst vísinda- og tæknisamfélagið í heild sinni. Þar skiptir meginmáli framlag einstaklinga sem koma að starfinu með fjölbreytta reynslu, t.d. þeirra sem sitja í stjórnnum, fagráðum, vinnuhópum, o.þ.h. Vil ég fyrir hönd starfsmanna Rannís, þakka gott samstarf og treysti því að við munum halda áfram að eiga gott samstarf áfram.

Hallgrímur Jónasson
forstöðumaður Rannís

Starfsemi og skipulag

Rannís heyrir undir menntamálaráðherra og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003. Forstöðumaður stofnunarinnar er Hallgrímur Jónasson. Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís veitir stuðning við rannsóknir, rannsóknatengt nám, tækniþróun og nýsköpun. Stofnunin er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs og hefur það hlutverk að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu ráðsins. Rannís aðstoðar vísinda- og tæknisamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að að kynna áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag.

Starfsemi Rannís skiptist í eftirfarandi svið:

- Rannsóknna- og nýsköpunarsvið
- Alþjóðasvið
- Greiningarsvið
- Stjórnsýslusvið
- Upplýsinga- og útgáfusvið

Rannís hefur með höndum umsýslu sjóða, alþjóðastarf og greiningu og er sameiginlegt markmið sviðanna að efla samstarf hagsmunaaðila við undirbúning og framkvæmd opinberrar vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Að auki sér Rannís um að skipuleggja viðburði sem höfða bæði til vísindasamfélagsins og almennings og hefur með höndum útgáfu rita sem tengjast rannsóknnum og þróun.

Starfsfólk

Stöðugildum fjölgaði um 2 á árinu og munaði þar mest um ýmis tímabundin verkefni á greiningarsviði.

Starfsfólk Rannís í árslok 2009:

Aðalheiður Jónsdóttir, sérfræðingur á alþjóðasviði

Áslaug Holm Johnson, móttaka og skrifstofuhald á stjórnsýslusviði

Elísabet M. Andrésdóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs

Elva Brá Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur á greiningarsviði

Emil Þór Emilsson, verkefnastjóri í upplýsingatækni

Guðný Hallgrímsdóttir, sérfræðingur á rannsóknna- og nýsköpunarsviði

Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður

Herdís Þorgrímsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Katrín Valgeirsdóttir, sérfræðingur á alþjóðasviði

Lýður Skúli Erlendsson, sérfræðingur á rannsóknna- og nýsköpunarsviði

Magnús Lyngdal Magnússon, fagstjóri á rannsóknna- og nýsköpunarsviði

Páll Vilhjálmsson, sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs,

Ragnhildur I. Guðmundsdóttir, skrifstofuhald á rannsóknna- og nýsköpunarsviði

Sigríður Júlíusdóttir, skjalastjóri

ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2009

Sigurður Björnsson, *fagstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Sóley Gréta Sveinsdóttir Morthens, *sérfræðingur á greiningarsviði*
Svandís Sigvaldadóttir, *skrifstofuhald á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Þorsteinn B. Björnsson, *sérfræðingur á alþjóðasviði*
Þorsteinn Gunnarsson, *sérfræðingur á greiningarsviði*
Þorvaldur Finnbjörnsson, *sviðsstjóri á greiningarsviði*

Á árinu létu fjórir starfsmenn af störfum, þau Kristín Ingvarsdóttir, sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði, Júlía Garðarsdóttir og Kári Kristinsson, bæði sérfræðingar á greiningarsviði og Huguún Ýr Helgadóttir, verkefnastjóri á greiningarsviði. Eru þeim þakkuð vel unnin störf í þágu Rannís.

Sjóðir

Rannsókn- og nýsköpunarsvið Rannís hefur með höndum daglega umsýslu helstu samkeppnissjóða og markáætlana sem veita styrki til rannsókna og tækniþróunar á Íslandi. Rannsókn- og nýsköpunarsvið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviðum vísinda, tækni og nýsköpunar auk tengdra málefna. Má þar nefna evrópskar rannsóknaráætlanir og samstarf við ýmsar norrænnar stofnanir.

Á árinu 2009 hafði Rannís umsjón með eftirtöldum opinberum samkeppnissjóðum:

Sjóðir sem heyra undir menntamálaráðherra:

- Rannsóknasjóður
- Tækjasjóður
- Rannsóknarnámssjóður
- Markáætlun um öndvegissetur og klasa
- Nýsköpunarsjóður námsmanna
- Launasjóður fræðiritahöfunda

Sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra:

- Tækniþróunarsjóður

Aðrir sjóðir í umsjón Rannís:

- Rannsóknastyrkir Bjarna Benediktssonar
- Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar
- Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur
- Minningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar

Þeir sjóðir sem Rannís hefur umsjón með eiga það sammerkt að sérstakar sjóðsstjórnir fara með ákvörðunarvald varðandi úthlutunir styrkja. Rannís sér um rekstur sjóðanna, á samskipti við umsækjendur og styrkþega, skipuleggur og sér um matsferli, samningagerð og eftirfylgni verkefna. Allir sjóðirnir veita stuðning að undangengnu faglegu mati samkvæmt fyrirfram gefnum mælikvörðum á gæði verkefna. Hjá Rannsóknasjóði, Tækniþróunarsjóði og markáætlun er matið í höndum fagráða sem leita einnig til ytri matsmanna. Aðrar sjóðsstjórnir leita til ytri matsmanna eftir þörfum. Þannig komu, auk stjórnarmanna, tugir fagráðsfulltrúa og hundruð ytri matsmanna að faglegri umfjöllun umsókna. Þetta matsferli er grundvöllur gagnsæis þegar kemur að úthlutunum úr samkeppnissjóðum.

Rannsóknasjóður

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Með hugtakinu vísindarannsóknnum er átt við allar tegundir rannsókna; grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir.

Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Eftirfarandi atriði veiga þungt samkvæmt almennti stefnu Vísinda- og tækniráðs:

- Rannsóknaverkefni skuli styrkt eftir gæðum sem metin eru eftir vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.
- Verkefni sem uppfylla gæðaviðmið og unnin eru í virku, faglegu og fjárhagslegu samstarfi fyrirtækja, háskóla og stofnana, njóti, að öðru jöfnu, forgangs að styrkjum úr samkeppnissjóðum.
- Niðurstöður sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.
- Úthlutun styrkja úr sjóðnum taki mið af viðurkenndum heildarkostnaði verkefnis.
- Sjóðurinn taki tillit til aðstæðna umsækjenda, hvort sem þeir starfa sjálfstætt eða innan háskóla, stofnana eða fyrirtækja.
- Hugað verði að nýliðun í hópi vísindamanna og að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á stuðning við ungt vísindafólk.
- Hugað verði sérstaklega að fyrirkomulagi á mati á þverfaglegum umsóknum

Alls bárust á árinu 237 umsóknir um öndvegisstyrki, rannsóknastöðustyrki og verkefnastyrki, upp á 1,3 milljarða króna, og var 51 þeirra styrkt (21,5%) að upphæð samtals 314 milljarðar króna (23,8%). Einnig bárust umsóknir um 7 kynningarstyrki og 15 forverkefnisstyrki og voru 13 verkefni styrkt að upphæð hálf milljón hvert verkefni. Listi yfir úthlutanir fylgir í viðauka.

Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra. Hann starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Mikilvægt er að auka fjölbreytni atvinnulífsins og hraða uppbyggingu þekkingar- og hátæknistarfsemi. Stjórn Tækniþróunarsjóðs telur sjóðinn mæta þessum sjónarmiðum með því að skilgreina nýjar áherslur í samræmi við hlutverk sjóðsins.

Tækniþróunarsjóður hefur heimild til að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs með því að:

- styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki,
- styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar,
- fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstaka greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,
- styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi þrátt fyrir áhættu í upphafi,
- kosta greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni.

Rannsóknarnámssjóður

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms við háskóla eða á ábyrgð hans í samvinnu við rannsóknastofnanir eða fyrirtæki, hvorttveggja í námi á Íslandi og erlendis. Sjóðurinn á sér grundvöll í lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 og reglur sem menntamálaráðherra hefur sett, nr. 16/2008.

Rannsóknarnámssjóður veitir tvenns konar styrki, almenna styrki, til framfærslu nemenda í rannsóknartengdu framhaldsnámi og fyrirtækja- og stofnanastyrki eða FS-styrki, sem ætlað er að efla samvinnu milli stofnana, fyrirtækja og háskóla.

Árið 2009 var 94 milljónum króna var úthlutað til bæði doktors- og meistaraverkefna. Alls bárust 109 umsóknir um almennan styrk úr Rannsóknarnámssjóði að þessu sinni og voru 25 þeirra styrktar eða 22,9%, og fengu um 94 milljónir króna eða 16,8% af því sem sótt var um. Meðalupphæð almennra styrkja nú er rétt um 3,8 milljónir króna.

Alls bárust 64 umsóknir um styrk til doktorsnáms og voru 14 þeirra styrktar eða 21,9%, og fengu um 85 milljónir króna eða 18,5% af því sem sótt var um. Meðalupphæð styrkja til doktorsnema er nú 6,1 milljón króna.

Tækjasjóður

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma og fer stjórn Rannsóknasjóðs jafnframt með stjórn Tækjasjóðs.

Við úthlutun úr Tækjasjóði er öðru fremur tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Að tækin séu mikilvæg fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda.
- Að fjárfesting í tækjabúnaði sé til uppbyggingar nýrrar aðstöðu sem skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða að tæki tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir.
- Að tækin séu staðsett á rannsókna- og háskólastofnunum.
- Að samstarf verði um nýtingu tækja milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti.
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun á kaupunum séu raunhæfar.

Tvær úthlutanir voru úr Tækjasjóði á árinu 2009, í febrúar og í maí. Alls bárust 77 umsóknir og fengu 46 eða 59,7% þeirra styrk en heildarupphæð styrkra umsókna nam 481 milljón króna. Listi yfir úthlutanir fylgir í viðauka.

Launasjóður fræðiritahöfunda

Meginhlutverk sjóðsins er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi, til eflingar íslenskrar menningu. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Árið 2009 voru 7 einstaklingar styrktir til ritunar 6 fræðirita og fékk hvert verkefni úthlutað kr. 2.040.000. Sjá um úthlutun í viðauka.

Rannsóknarstyrkir Bjarna Benediktssonar

Rannsóknarstyrkjum sem kenndir eru við Bjarna Benediktsson er úthlutað til rannsókna á lögfræði og sagnfræði. Sjóðurinn var stofnaður árið 2008 og úthlutaði nú í annað sinn. Árlega eru veittir sex styrkir, þrjú til rannsókna á sviði stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar og þrjú sviði hag- og stjórn málasögu 20. aldar til okkar daga. Markmiðið er að efla annars vegar rannsóknir á þeim sviðum lögfræðinnar, sem snerta innviði stjórnskipunarinnar og réttaröryggi borgaranna gagnvart leyfisvaldi og eftirliti stjórnvalda og hins vegar að efla rannsóknir og dýpka skilning á umbreytingum í íslensku efnahagslífi, stjórn málum og utanríkismálum á 20. öld. Samkvæmt 4. gr. reglna um sjóðinn skal ákvörðun úthlutunarnefnda um það hvaða rannsóknarverkefni skulu hljóta styrki skal byggjast á faglegu mati á gæðum rannsóknarverkefnis, færni og reynslu umsækjanda til að stunda rannsóknir og aðstöðu hans til að sinna verkefninu. Að þessu sinni ákváðu úthlutunarnefndir Rannsóknarstyrkja Bjarna Benediktssonar á sviði lögfræði og sagnfræði að úthluta alls sex styrkjum. Upplýsingar um úthlutun og styrkþega í viðauka.

Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur

Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur var stofnaður árið 1985 til að efla rannsóknir í meinafræði manna og dýra. Stjórn Rannsóknarsjóðs er falið að meta hvort umsókir í Rannsóknarsjóð uppfylli skilyrði til veitingar úr sjóðnum og að þessu sinni var einni milljón króna úthlutað. Kom styrkurinn í hlut Ingu Reynisdóttur við Landspítala-Háskólasjúkrahús fyrir verkefnið Áhrifagen á framvindu brjóstakrabbameins á litningi 8p12-p11.

Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

Hinn 4. maí 2008 voru liðin 100 ár frá fæðingu Haralds Sigurðssonar bókavardar og fræðimanns, en hann lést 1995. Á þeim degi tilkynnti ekkja hans, Sigrún Ástrós Sigurðardóttir kjólahönnuður, að í samræmi við erfðaskrá þeirra hjóna frá 1983 hefði verið stofnaður Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenski bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Við mat á umsóknum um styrki úr sjóðnum er vísindalegt gildi rannsóknarverkefnis lagt til grundvallar. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í júní 2009 og bárust 3 umsóknir sem allar fengu styrk. Upplýsingar um styrki og styrkþegar í viðauka.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Frá stofnun 1992 hefur sjóðurinn unnið sér nafn og gott orð fyrir vinnu mörg hundruð námsmanna og verkefna sem þeir hafa leyst af hendi fyrir tilstyrk sjóðsins.

Umsóknir um styrki skal meta með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífinu og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigreini. Verkefni skulu leyst af hendi með sjálfstæðri og faglegri vinnu námsmanns undir leiðsögn ábyrgðarmanna. Styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna. Sjóðurinn er opinn öllum nemendum á grunn- og meistarastigi. Einnig geta fyrirtæki, stofnanir og háskólar sem óska eftir að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir sótt í sjóðinn. Nýsköpunarsjóður er í vörslu sjóðsstjórnar sem skipuð er af menntamálaráðherra. Sjóðsstjórn ákveður úthlutun styrkja á vori hverju.

Umsóknarfrestur Nýsköpunarsjóðs námsmanna var í mars 2009 og bárust alls 316 umsóknir. Stjórn sjóðsins ákvað að styrkja 86 verkefni í alls 274,5 mannmánuði. Vegna mikillar sóknar í sjóðinn og slæmum horfum í atvinnumálum ungs fólks vegna efnahagsástandsins í landinu á árinu, var ákveðið að aukaúthlutun skyldi fara fram fyrir sumarið. Sjóðnum bárust alls 250 umsóknir vegna aukaúthlutunarinnar og ákvað stjórn sjóðsins ákvað að önnur 43 verkefni í allt að 102 mannmánuði. Listi yfir verkefni sem fengu úthlutun úr Nýsköpunarsjóði námsmanna í viðauka.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru árlega veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt hefur verið af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verðlaunin voru fyrst veitt í ársbyrjun 1996 og hafa síðan verið veitt á ári hverju við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Allir nemendur sem skila inn lokaskýrslu fyrir auglýstan frest koma til greina við veitingu verðlaunanna.

Verðlaunin hlutu þau Andri Yngvason, Bjarki Már Elíasson og Jóna Guðný Arthúrsdóttir fyrir verkefnið *Gönguhermir*.

Fjögur verkefni að auki fengu sérstaka viðurkenningu: *Stökklar og stökkbreytingar í erfðæfni mannsins*, unnið af Martin Inga Sigurðssyni, sem hlaut sérstaka viðurkenningu dómnefndar; *Bætibakteríur - Hin hliðin*, unnið af Huguínu Lísu Heimisdóttur; *Hvernig haga einstæðir foreldrar fæðingarorlofi?*, unnið af Guðnýju Björk Eydal og *Framleiðsla etanóls úr hýdrólýsötum með hitakærum bakteríum*, unnið af Máneyju Sveinsdóttur.

Markáætlun um öndvegissetur og klasa

Úthlutað var úr nýrri markáætlun 2009-2015, markáætlun um öndvegissetur og klasa, á fundi í lok árs 2008. Stjórn Rannsóknasjóðs fól Rannís að ganga til samninga við þrjú verkefni til sjö ára, eða frá 2009 til 2015.

Úthlutunin markaði tímamót að ýmsu leyti. Aldrei áður hefur jafn stórum styrkjum verið úthlutað til einstakra verkefna, en stærsti styrkurinn er 70 milljónir á ári í 7 ár eða samtals 490 milljónir króna. Markáætlun var undirbúin af Vísinda- og tækniráði eftir viðamikla stefnumótunarvinnu árið 2007. Auglýst var eftir umsóknum á átta áherslusviðum sem stefnumótunarvinnan hafði skilað og sérstakar kröfur voru gerðar um virkt samstarf milli háskóla, stofnana og atvinnulífs og um samstarf út fyrir landsteinana. Upphaflega var auglýst eftir stuttum lýsingum á fyrirhuguðum samstarfsverkefnum og bárust alls 82 hugmyndir. Af þeim fengu 10 brautargengi og eina milljón króna hver til að vinna fullbúna umsókn. Menntamálaráðherra fól stjórn Rannsóknasjóðs að úthluta úr markáætlun. Allar umsóknirnar voru metnar af erlendum sérfræðingum og sérskipuðu fagraði innlendra sérfræðinga áður en stjórn sjóðsins fékk þær til meðhöndlunar.

Verkefnin sem fengu styrk eru:

- Alþjóðlegur rannsóknarklassi í jarðhita. Verkefnisstjóri er Sigurður M. Garðarsson og nam styrkurinn fyrir árið 2009 allt að 70 milljónum króna.
- Vitvélasetur Íslands. Verkefnisstjóri er Kristinn R. Þórisson og nam styrkurinn fyrir árið 2009 allt að 55 milljónum króna.
- Öndvegissetur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum. Verkefnisstjóri er Irma Erlingsdóttir og nam styrkurinn fyrir árið 2009 allt að 35 milljónum króna.

Alþjóðastarf

Alþjóðasvið Rannís veitir upplýsingar um alþjóðlega sjóði og áætlanir sem Rannís hefur umsjá með fyrir hönd Íslands, auk almennra upplýsinga og ráðgjafar um styrkjamöguleika Íslendinga erlendis.

Alþjóðasvið Rannís hefur umsjón með 7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins fyrir hönd Íslands auk tengdra áætlana sem miða að því að styðja við alþjóðlegt samstarf íslensks vísindasamfélags, svo sem eins og COST. Alþjóðasvið hefur einnig umsjón með hlut Rannís í samstarfsnetinu Enterprise Europe Network sem styður við þátttöku fyrirtækja í rannsóknum og nýsköpun.

7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins

Umsjón með þátttöku Íslands í 7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins er stærsta einstaka verkefni alþjóðasviðs Rannís. Í því felst seta í stjórnarnefndum og umsjón með starfi stjórnarnefndarfulltrúa og landstengiliða áætlunarinnar, auk þess sem Rannís skipuleggur kynningu á áætluninni og stendur fyrir fundum og námskeiðum sem miða að því að auka og auðvelda þátttöku íslensks vísindasamfélags í evrópsku samstarfi. Einnig heldur alþjóðasvið utan um íslenska þátttöku í ERA netunum sem miða að því að koma á samstarfi rannsóknasjóða aðildarlandanna.

Í árslok 2009 höfðu íslenskir aðilar sent inn 305 umsóknir í 7. rannsóknaráætlunina og búið var að undirrita samninga um 76 verkefni með íslenski þátttöku. Heildarstyrkur til þessara verkefna eru rúmar 208 milljónir evra og var hlutur íslenskra aðila um 17 milljónir evra. Á árinu voru Íslendingar virkastir í hvaða áætlunum?

Á árinu voru íslenskir aðilar virkastir í mannauðsáætluninni, sem jafnan er kennd við Marie Curie (People), umhverfisáætluninni (Environment) og heilbrigðisáætluninni (Health).

Landstenglaverkefni

Rannís tekur þátt í fjölda landstenglaverkefna innan 7. rannsóknaráætlunarinnar, en verkefnið miða að því að styrkja samstarf landstengiliða mismunandi undiráætlana, fræða þá um áætlunina og bæta færni þeirra svo þeir geti veitt umsækjendum og öðrum áhugasömum betri þjónustu. Á árinu tóku starfsmenn alþjóðasviðs virkan þátt í eftirtöldum verkefnum:

- EUROSIS – vísindin í samfélaginu
- C-Energy – orka
- Net4Society – félags-, hag- og hugvísindi
- Cosmos – geimtækni
- Euro-Ris Net – innviðir rannsókna
- TransCoSME – rannsóknir í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

ERA-net

ERA-net er samstarf evrópskra rannsóknasjóða er styrkja rannsóknir og þróun á ýmsum sviðum. Íslenskir rannsóknasjóðir og Rannís taka þátt í ýmsum ERA-net sem gerir íslenskum

fyrirtækjum og stofnunum kleift að taka þátt í fjölbjóðlegum rannsóknaverkefnum. Hvert ERA-net hefur sín eigin áherslusvið, þátttökureglur og umsóknarfresti.

Evrópska rannsóknastarfategund – Euraxess

Alþjóðasvið Rannís undirbjó vinnu við upp færslu vefsíðunnar www.euraxess.is en þar getur íslenskt og erlent vísindafólk, sem hyggst starfa í öðru landi en sínu heimalandi, fundið upplýsingar og aðstoð við vistaskipti og búferlaflutninga.

Enterprise Europe Network

Rannís er aðili að samstarfsnetinu Enterprise Europe Network ásamt Útflutingsráði og Evrópumíðstöð Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem leiðir samstarfið á Íslandi. Hlutverk Rannís er að vera tengiliður fyrir hönd 7. rannsóknaráætlunarinnar til að greiða fyrir þátttöku fyrirtækja í evrópsku rannsóknasamstarfi.

Jules Verne

Jules Verne er samstarfsverkefni Frakklands og Íslands á sviði vísinda- og tæknirannsókna. Menntamálaráðuneytið stýrir samstarfinu fyrir hönd Íslands en Rannís sér um framkvæmd verkefnisins. Tilgangurinn með samstarfinu er að virkja vísinda- og tæknisamstarf milli stofnana, skóla og rannsóknarhópa í báðum löndunum og að auðvelda samstarf við önnur slík samstarfsverkefni í Evrópu. Styrkir eru veittir til ferða- og dvalarkostnaðar fyrir vísindamenn. Önnur fjármögnun nauðsynleg til verkefnisins verður að koma frá stofnununum sjálfum sem taka þátt í samstarfinu eða eftir öðrum leiðum. Fjármögnunin er samþykkt til tveggja ára í senn. Á sameiginlegum fundi fulltrúa landanna í desember 2009 var ákveðið að styrkja átta verkefni til næstu tveggja ára. Listi yfir styrkt verkefni í viðauka.

Kynningarfundir og námskeið

Alþjóðasvið Rannís stendur fyrir kynningum á 7. rannsóknaráætlun ESB og undiráætlunum hennar, auk þess sem sviðið hefur skipulagt námskeið fyrir umsækjendur. Á árinu 2009 voru haldnar eftirtaldar kynningar og námskeið:

Kynning á matvælaáætlun 7. rá

Þriðjudaginn 28. apríl var haldin kynning á styrkjum á sviði matvæla, landbúnaðar, sjávarútvegs og líftækni, en markmið áætlunarinnar er styrkja rannsóknaverkefni á sviðum matvælaíðnaðar, fódurframleiðslu, skógræktar, sjávarútvegs, landbúnaðar, fiskeldis og lífefnaiðnaðar. Alfredo Aguilar, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, kynnti áætlunina og bauð upp á smærri fundi með umsækjendum, Guðrún Marteinsdóttir frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands sagði frá reynslu sinni af þátttöku í áætluninni og starfsmenn alþjóðasviðs Rannís kynntu aðstoð við umsækjendur.

Kynning á heilbrigðisvísindaáætlun 7. rá

Föstudaginn 24. apríl var haldin kynning á heilbrigðisvísindaáætlun í 7. rá. á Grand hótél Reykjavík. Markmið áætlunarinnar er styrkja rannsóknaverkefni er stuðla að bættri heilsu íbúa Evrópu og efla samkeppnishæfni heilbrigðisgeirans og fyrirtækja tengdum honum. Indriði Benediktsson, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB kynnti áætlunina og bauð upp á smærri fundi með umsækjendum, auk þess sem Ingileif Jónsdóttir, Landspítala háskólasjúkrahúsi, Háskóla Íslands og Íslenskri erfðagreiningu deildi reynslu sinni

af þátttöku í áætluninni. Eftir fundinn bauð Indriði upp á einstaklingsfundi með mögulegum umsækjendum.

Kynning á mannauðsáætlun 7. rá

Miðvikudaginn 6. maí voru þáttökumöguleikar í mannauðsáætlun Evrópusambandsins kynntir á morgunverðarfundum á Grand hóteli Reykjavík. Graham Wilkie frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti áætlunina og fór sérstaklega yfir samstarf háskóla og atvinnulífs. Þórunn Rafnar frá Íslenskri erfðagreiningu sagði frá reynslu sinni af þátttöku í áætluninni og starfsmenn alþjóðasviðs Rannís kynntu aðstoð við umsækjendur.

Kynning á upplýsinga- og samskiptaáætlun 7. rá

Föstudaginn 8. maí var haldinn kynningarfundur á vegum Rannís um rannsóknastyrki úr 7. rannsóknaráætlun ESB til upplýsinga- og samskiptatækni. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli föstudaginn 8. maí kl. 9:00 - 11:00. Oluf Nielsen, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, kynnti áætlunina og áhugasömum bauðst að eiga einstaklingsfundi með Oluf. Kristinn R. Þórisson, Háskólanum í Reykjavík, sagði frá reynslu sinni af þátttöku í áætluninni og starfsmenn alþjóðasviðs Rannís kynntu aðstoð við umsækjendur.

Námskeið fyrir umsækjendur

Miðvikudaginn 12. ágúst stóð alþjóðasvið fyrir námskeiði í gerð umsókna fyrir væntanlega umsækjendur í 7. rá. Námskeiðið var haldið í húsnæði Endurmenntunar HÍ og leiðbeinandi var Dr. Sean McCarthy frá Hyperion Ltd. á Írlandi sem er einn eftirsóttasti ráðgjafinn á þessu sviði í Evrópu.

Kynning á samgönguáætlun 7. rá

Föstudaginn 18. september var haldin kynning á samgönguáætlun 7. rá. Aðalfyrirlesari var Frederique Sgarbi frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Dr. Gunnar Stefánsson dósent HÍ, greindi frá reynslu sinni af þátttöku í verkefnum innan samgönguáætlunarinnar og starfsmenn alþjóðasviðs Rannís kynntu aðstoð við umsækjendur.

Kynning á þjálfunarnetum mannauðsáætlunar 7. rá

Mánudaginn 28. september var haldinn kynningarfundur um þjálfunarnet með þátttöku fulltrúa Evrópusambandsins, Dr. Kaisa Hellevou. Markmið þjálfunarneta er að efla samstarf evrópskra háskóla, stofnana og atvinnulífs á fyrstu stigum rannsóknþjálfunar, t.a.m. við doktorsmenntun. Fundurinn var haldinn í húsnæði Endurmenntunar HÍ. Dr. Sigurður Gíslason frá Háskóla Íslands sagði frá reynslu sinni af þátttöku í slíkum verkefnum og starfsmenn alþjóðasviðs Rannís kynntu aðstoð við umsækjendur.

Greining

Starfsemi greiningarsviðs skiptist í þrjá meginflokka:

- tölfræði og mælikvarðar
- greining á viðfangsefnum tengdum rannsóknum, þróun og nýsköpun
- mat á árangri viðfangsefna svo sem stofnana, sviða eða stuðningsverkefna

Einnig hefur greiningarsvið verið mjög öflugt í erlendu samstarfi við systurstofnanir á Norðurlöndunum og í Evrópuríkjum, svo og við alþjóðlegar mats- og greiningarstofnanir.

Greiningarstarfið beinist aðallega að þeim tölfræðilegu upplýsingum sem aflað er hjá Rannís eða upplýsingum úr gagnagrunnum sem Rannís hefur aðgang að. Eftirspurn vísindasamfélagsins eftir greiningu á rannsóknvirkni og nýsköpunarvirkni hefur farið hraðvaxandi á síðari árum. Á sama tíma hefur Rannís átt þess kost að vinna með erlendum fyrirtækjum og stofnunum að greiningu á rannsóknum og nýsköpun og því umhverfi þar sem þessi starfsemi á sér stað.

Tölfræði og mælikvarðar

Mikil reynsla er komin á Rannsóknarvog og Nýsköpunarvog en aflað hefur verið gagna um rannsóknir og þróun reglulega frá 1970 og um nýsköpun frá 1990. Stuðst er við leiðbeiningar sem OECD og Eurostat gefa út um þessa tölfræði. Á tölfræðisviðnu er einnig fengist við mat á rannsóknarþætti í frumvarpi til fjárlaga, fjárlögum og í ríkisreikningi. Þá er greiningarsvið með öflugan grunn um Íslendinga sem hafa aflað sér doktorsgráðu, en vel menntaðir einstaklingar eru afar mikilvægir fyrir rannsóknir og nýsköpun í landinu. Auk þessa má nefna tölfræði yfir birtingar íslenskra vísindamanna í ritrýndum tímaritum og tilvitnanir í þær en slíkar upplýsingar gefa gjarnan góðar upplýsingar um rannsóknvirkni landa.

Nýsköpun í atvinnulífinu hefur verið mæld reglulega frá 1990 með svonefndri Nýsköpunarvog. Rannís tók þátt í gerð leiðbeininga sem fylgt er um alla Evrópu um mat á nýsköpun í atvinnulífinu. Íslenskt atvinnulíf hefur verið talið fremur virkt í nýsköpun en áherslur hér á landi eru meira á aðlögun fremur en nýjungar á markaði. Raunar má segja að Ísland býr við ókosti smæðar þegar kemur að nýsköpun, en talið er að umhverfi nýsköpunar sé hagstæðast þegar alla þjónustu sé hægt að fá á nærmarkaði. Þetta á sér sjaldan stað um Ísland. Umhverfi nýsköpunar er þó talið almennt jákvætt að öðru leyti og er talið að hið opinbera standi vel að málum.

Greining á rannsóknum, þróun og nýsköpun

Ljóst er að á þessu tímabili hefur rannsókn- og þróunarstarfsemi vaxið mjög mikið í öllum geirum og teljast vera um 46 milljarðar árið 2009. Segja má að vöxtur starfseminnar hafi verið stöðugur fram til loka níunda áratugarins en þá fór hraðari vöxtur af stað. Nokkrir áfangar í sögu rannsókna og þróunar hafa átt sér stað á þessu tímabili. Framlög hins opinbera hafa verið fremur há í gegnum tíðina en hið opinbera hefur lagt áherslu á að opinberir samkeppnissjóðir hafa vaxið verulega. Sérstaklega eftir 2003 en þá kom ríkisstjórnin með áætlun til nokkurra ára sem hafði í för með sér talsverða aukningu framlaga í sjóðina. Eftir efnahagshrunið 2008 hefur ríkið lagt áherslu á að hlífa sjóðunum við niðurskurði þar sem hlutverk þeirra í endurreisn landsins er talið mikilvægt. Rannís hefur tekið þátt í endurskoðun leiðbeininga um mat á rannsóknum og þróun meðal ríkja OECD og ESB.

Forsendur rannsóknastarfs er aðgengi að fólki með færni til rannsókna, fé til að standa straum af kostnaði við starfið og innviðir til að nota í þágu rannsóknastarfsins. Rannís er að taka sín fyrstu skref við að meta rannsóknainnviði með því að koma sér upp gagnagrunni um rannsóknagagnagrunna. Þetta var gert sem liður í að menntamálaráðuneytið fól starfsnefndum Vísinda- og tækniráðs að gera vegvísi um rannsóknarinnviði.

Mat á árangri af rannsóknum og nýsköpun

Matshlutinn í starfi greiningarsviðs er fremur nýtilkominn en mat á árangri af rannsóknum og nýsköpun hefur vaxið hröðum skrefum á síðari árum í öðrum löndum. Bæði systurstofnanir Rannís og alþjóðlegar stofnanir, svo sem Eurostat, OECD og stofnanir Evrópusambandsins hafa haft ýmiss konar mat á dagskrá sinni. Má nefna mat á rannsóknáætlunum, stofnunum, greinum og öðrum viðfangsefnum. Fyrsta stóra matsverkefni Rannís var á starfsemi Tækniþróunarsjóðs, en það var unnið í samstarfi við nokkrar þjóðir í Evrópu sem höfðu tekið sig saman til að þróa matsaðferðir. Líklegt er að þessi þáttur í starfsemi Rannís muni fara vaxandi á komandi árum.

Erlent samstarf um rannsóknir og greiningu

Greiningarsvið Rannís hefur tekið þátt í samstarfi við systurstofnanir á Norðurlöndum, í Evrópu og meðal ríkja OECD. Á árinu 2009 hefur greiningarsvið unnið með um 20 Evrópulöndum að tveimur svokölluðum OMC (Open Method of Coordination) verkefnum sem fjármögnuð eru af rannsóknaráætlunum ESB. Annað þessara verkefna miðar að því að kanna aðferðir þátttökulandanna við mat á áætlunum, greinum og sviðum. Í íslenska hlutanum fer fram mat á Tækniþróunarsjóði. Hitt verkefnið fjallar um sérstöðu lítilla landa hvað varðar stefnumið rannsókna og nýsköpunar. Þar eru á dagskrá opinber innkaup til nýsköpunar, aðferðir við fjármögnun rannsókna og mat á mælikvörðum rannsókna og þróunar fyrir lítil lönd. Unnið er eftir þeirri skoðun að mælikvarðar rannsókna og nýsköpunar eigi ekki jafn vel um lítil lönd sem stór. Rannís leiðir þann hluta verkefnisins sem snýr að mælikvörðum.

Norrænt samstarf á sviði greiningarmála hefur farið vaxandi á meðan samstarf um tölfræði hefur dregist saman. Nýsköpunarmiðstöð Norðurlandanna, NICE, hefur staðið að nokkrum verkefnum með þátttöku Rannís, t.d. um mælikvarða rannsókna og nýsköpunar út frá ýmsum sjónarhornum.

Rannsóknarmiðstöð Norðurlandanna, NordForsk, hefur einnig kallað norrænu rannsóknaráðin til samstarfs um nokkur viðfangsefni. Þetta er gert undir nafni Noria, eða hins norræna rannsókn- og nýsköpunarsvæðis. Noria-netin eru á mismunandi sviðum enda valin í samkeppni um verkefnatillögur.

Noria-netin sem greiningarsvið Rannís hefur tekið þátt í eru á sviði notendastýrðrar nýsköpunar þar sem stofnað er til sk. *Living Labs* til að gera notandann virkan þátttakanda í nýsköpun. Samanburður á birtingum og tilvitnunum í ritrýndum erlendum tímaritum hefur verið á dagskrá. Einnig samstarf um nýsköpunarsamstaf við Kína og Indland. Þá hefur verið í gangi á árinu Noria-net um rannsóknarinnviði þar sem Norðurlöndin bera saman bækur sínar um vegvísa á sviði rannsóknarinnviða. Loks má nefna Noria-net um alþjóðavæðingu rannsókna og nýsköpunar sem löndin hafa unnið að saman og er fyrirhugað að halda nokkrar ráðstefnur um viðfangsefnið.

Að auki hefur greiningarsvið Rannís tekið þátt í margvíslegum sérfræðingahópum um tölfræði og greiningu á rannsóknum og nýsköpun, ýmist á vegum OECD, Eurostat, ESB eða norrænna stofnana.

Vísinda- og tækniráð

Árið 2009 skipaði forsætisráðherra nýtt Vísinda- og tækniráð til næstu þriggja ára Ráðinu var meðal annars ætlað að marka stefnu stjórnvalda á sviði vísinda- og tæknimála, frá skipun ráðsins til ársloka 2012, en umfjöllun á hvoru sviði var undirbúin af vísindanefnd annars vegar og tækninefnd hins vegar.

Í nýju ráði tóku sæti þau Ari Kristín Jónsson, Inga Þórsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Stefán Ólafsson sem tilnefnd voru af samstarfsnefnd háskólastigsins, Stefán Úlfarsson og Þórunn S. Jónsdóttir sem tilnefnd voru af Alþýðusambandi Íslands, Hilmar Bragi Janusson og Pétur Reimarsson sem tilnefndir voru af Samtökum atvinnulífsins, Guðrún Nordal sem tilnefnd var af menntamálaráðherra, Þorsteinn Ingi Sigfússon sem tilnefndur var af iðnaðarráðherra, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Sveinn Margeirsson sem tilnefnd voru af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Unnur Þorsteinsdóttir sem tilnefnd var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Kristín Svavarsdóttir sem tilnefnd var af umhverfisráðherra og Dagný Halldórsdóttir og Jón Bragi Bjarnason sem skipuð voru án tilnefningar. Guðrún Nordal tók að sér formennsku vísindanefndar og Þorsteinn Ingi Sigfússon var formaður tækninefndar

Auk skipaðra ráðsmanna eiga forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra föst sæti í ráðinu og er forsætisráðherra formaður ráðsins.

Hlutverk Rannís er að vera styðja Vísinda- og tækniráð faglega, sérstaklega í framkvæmd stefnu ráðsins. Rannís og Vísinda- og tækniráð standa sameiginlega að Rannsóknþingi og veitingu Hvatningarverðlaunanna, auk skipulagningu funda um ákveðin málefni.

Drög að stefnu Vísinda- og tækniráðs voru kynnt á opnum fundum á fyrrihluta árs 2009, eins og fram kemur í viðburðakaflanum hér á eftir, og birt í byrjun apríl. Við mótun stefnunnar höfðu starfsnefndir ráðsins langtímauppbyggingu rannsókna og nýsköpunar að leiðarljósi. Tillögum var skilað frá nefndunum til nýs Vísinda- og tækniráðs sem tók við á árinu og fékk nýja ráðið tillögurnar til umfjöllunar og til notkunar við að móta stefnu sína. Nefndirnar unnu tillögurnar í víðtæku samráði og héldu meðal annars þrjá opna fundi um stefnumótunina til kynningar og umræðu.

Útgáfur

Rafrænt fréttabréf Rannís hóf göngu sína á árinu og voru gefin út þrjú fréttabréf, í október, nóvember og desember. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það í tölvupósti en einnig er hægt að nálgast rafrænt fréttabréf á heimasíðu Rannís.

Rannsóknir og þróunarstarf á Íslandi 2009

Rannís gaf nú út í fjórða sinn hefti sem hefur að geyma samantekt um tölfræði rannsókna og þróunar. Upplýsingum um rannsóknir og þróun á Íslandi hefur verið safnað allt frá 1950 og frá 1971 hefur verið stuðst við handbók OECD um tölfræði rannsókna og þróunar. Má segja að reglubundin gagnasöfnun hafi hafist um sama leyti.

Rannís safnar gögnum um umfang og viðgang rannsókna og þróunar annað hvort ár í svokallaðri Rannsóknarvog. Markmið hennar er að afla reglulega gagna um rannsóknir, þróun og nýsköpun og skylda þætti sem geta gefið yfirlit yfir þróun málaflokksins hér á landi og samanburð við önnur lönd. Auk samstarfs við OECD er Rannsóknarvogin unnin í samvinnu við Eurostat og ýmsar systurstofnanir á Norðurlöndunum. Með henni er aflað upplýsinga hjá fyrirtækjum, opinberum stofnunum, æðri menntastofnunum og sjálfseignarstofnunum. Hliðstæð tölfræði, svo sem um menntun og þekkingarstarfsemi innan atvinnulífsins, er fengin frá öðrum innlendum aðilum, einkum Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands.

Útgjöld til rannsókna og þróunar eftir framkvæmdaaðilum og fjármögnun þeirra eftir uppruna fjáris fyrir árið 2009

Framkvæmdaraðilar	Fyrirtæki	Æðri menntastofnanir	Hið opinbera	Sjálfseignarstofnanir	Fjármagn alls
Fyrirtæki	85,6	8,2	7,2	0	48,7
Opinberar stofnanir	3,9	81,9	85,3	39,7	40,4
Sjálfseignarstofnanir	0	1,3	0	8,9	0,5
Erlendis frá	10,5	8,6	7,5	51,4	10,3
Samtals	100	100	100	100	100
Hlutfall fjármagns	52,9	24,9	20	2,2	100

Vegvísir um innviði til rannsókna

Gefin var út skýrslan *Vegvísir* um innviði til rannsókna, þar sem finna má afrakstur nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra 2008 til að móta vegvísi um rannsóknainnviði fram til árisins 2020. Markmið vegvísisins er að gera grein fyrir því í hverju metnaðarfull og skynsamleg uppbygging og viðhald innviða á Íslandi á tímabilinu felst. Í honum kemur fram stefnumótandi áætlun og forgangsröðun um uppbyggingu innviða. Nefndin byggði vinnu sína m.a. á Vísinda- og tæknistefnu fyrir árin 2006-2009, þar sem áhersla er lögð á að byggja upp mennta- og vísindakerfi í fremstu röð meðal þjóða og ályktun haustfundar Vísinda- og tækniráðs 2007 um áskoranir og áherslur í vísindum, tækniþróun og nýsköpun á næstu árum.

Nýsköpunarvog Rannís

Gefin var út skýrsla um nýsköpun í íslensku atvinnulífi sem byggir á Nýsköpunarvog Rannís og nefnist *Evrópsk stigatafla um nýsköpun*. Gerð var könnun á nýsköpunarvirkni meðal fyrirtækja í landinu og þau spurð sömu spurninga og fyrirtæki í öðrum löndum Evrópu og fjölda landa í öðrum heimsálfum.

Skýrslan greinir frá samanburði á frammistöðu aðildarþjóða Evrópusambandsins í nýsköpun auk Króatíu, Serbíu, Tyrklands, Íslands, Noregs og Sviss. Ísland er í 14. sæti í hópi 33 landa í þessari mælingu Evrópusambandsins fyrir árið. Niðurstöðurnar leiða einnig í ljós að Íslendingar tilheyra nú flokknum fylgipjóðir sem standa að einhverju leyti lakar en úrvalsþjóðirnar en eru að jafnaði ofanvið eða nálægt meðaltali Evrópusambandslandanna.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að íslensk fyrirtæki séu að sækja á í nýsköpun enda lenti Ísland í hópi miðlungsþjóða í síðustu mælingu. Styrkleikar Íslands eru á sviði fjármögnunar og stuðnings við nýsköpun og eins í tengslamyndun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja. Veikleikar liggja á sviði mannauðsmála, fjölda nýsköpunarfyrirtækja og efnahagslegum áhrifum af nýsköpun.

Viðburðir og viðurkenningar

Evrópusamvinna á Háskólatorgi og kynningar um allt land

Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi var haldin á Háskólatorgi fimmtudaginn 15. janúar 2009. Evrópuhópurinn stóð fyrir kynningunni, en í honum eru fulltrúar allra styrkja- og samstarfsáætlana ESB sem Íslendingar taka þátt í, í gegnum samninginn um evrópska efnahagssvæðið.

Á viðburðinum gafst gestum færi á að hitta fulltrúa evrópskra samstarfsáætlana á Íslandi og kynna sér möguleika á styrkjum og samstarfi á öllum sviðum menntamála, rannsókna, vísinda, nýsköpunar, menningar og atvinnulífs. Sameiginleg upplýsingasíða var opnuð við þetta tækifæri á slóðinni www.evropusamvinna.is. Kynntar voru eftirtaldar áætlanir og samstarf:

- 7. rannsóknaráætlun ESB
- Menntaáætlun ESB
- MEDIA
- Menningaráætlun ESB
- Evrópa unga fólksins
- EURES - evrópsk vinnumiðlun
- Enterprise Europe Network
- Norðurslóðaáætlun
- Euroguidance
- eTwinning - rafrænt skólasamstarf
- PROGRESS - jafnréttis- og vinnumálaáætlun
- Daphne III - gegn ofbeldi á konum og börnum
- Almannaáætlunin
- CIP nýsköpunaráætlun
- COST vísinda- og rannsóknasamstarf

Í kjölfar kynningarinnar á Háskólatorgi stóð Evrópuhópurinn fyrir kynningum með svipuðu sniði um landið sem haldnar voru í mars á Suðurlandi, eða á Höfn, Selfossi og í Vík í Mýrdal og síðan einnig á Norðurlandi, nánar tiltekið á Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík. Hópurinn fullkomnaði síðan landsbyggðarkynningarnar með kynningum á Ísafirði, í Reykjanesbæ og í Vestmannaeyjum

Opnir fundir um nýja vísinda- og tæknistefnu

Vísinda- og tækninefnd stóð fyrir þremur opnum fundum um mótun nýrrar vísinda- og tæknistefnu sem haldnir voru 21. janúar, 28. janúar og loks 4. mars. Þar var rætt um áskoranir vísindasamfélagsins á næstu árum og lögð drög að umræðu um nýja stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Rannís á Suðurnesjum og á Akureyri

Rannís stóð fyrir kynningu á stuðningi við rannsóknir, alþjóðasamstarf og nýsköpun í Virkjun, miðstöð fólks í atvinnuleit á Suðurnesjum, fimmtudaginn 22. janúar. Í sömu vikunni sóttu fulltrúar Rannís Akureyri heim og kynntu Eyfirdingum og nærsveitarmönnum starfsemina og hvernig hún gæti nýst fræðimönnum, frumkvöðlum og fyrirtækjum

Nýsköpunarþing og afhending Nýsköpunarverðlaunanna

Nýsköpunarþing var haldið 12. mars að morgni til á Grand hótél Reykjavík. Þingið er haldið í samstarfi Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Útflutningsráðs. Yfirskrift þingsins í ár var *Opin nýsköpun*. Menntamálaráðherra ávarpar þingið. Fundarstjóri var Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ávarpaði þingið og afhenti Nýsköpunarverðlaunin.

Nýsköpunarverðlaunin 2009

Tilgangur Nýsköpunarverðlaunanna er að vekja athygli á þeim mikilvægu tengslum sem eru á milli aukinnar verðmætasköpunar í atvinnulífinu og rannsókna og þekkingaröflunar. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1994 á Nýsköpunarþingi.

Að þessu sinni hlaut Mentis Cura ehf. Nýsköpunarverðlaun Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs. Mentis Cura hefur þróað aðferðir til að greina heilabilanir með heilaritum og nútímamyndgreiningartækni, og stundar viðamiklar klínískar rannsóknir auk þróunar reikniritis sem styður við greiningu Alzheimer sjúkdómsins og ofvirkni í börnum. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti Kristni Johnsen framkvæmdastjóra og stofnanda Mentis Cura verðlaunin.

Heilsa og hagsæld með nýsköpun

Um eitt hundrað manns mættu á kynningu starfshóps sem vann skýrslu um aðstæður til nýsköpunar í tengslum við heilbrigðisþjónustu og leiðir til að auka verðmætasköpun og bæta þjónustu. Ráðstefnan var haldin á Grand hótél Reykjavík þann 6. apríl með þéttskipaðri dagskrá þar sem ellefu frummælendur vörpuðu ljósi á viðfangsefnið frá ólíkum sjónarhornum. Forstjóri vísinda- og nýsköpunardeildar OECD ræddi nýja rannsókn á nýsköpun í heilbrigðisgeiranum. Meginniðurstaða fundarins var að margar mikilvægar forsendur séu fyrir hendi hér á landi til þess að skapa verðmæti úr rannsóknum og þróunarstarfi í tengslum við heilbrigðisþjónustuna. Telja má að í þessum aðstæðum felist mikil auðlind sem enn hefur lítið verið nýtt sem uppspretta verðmætasköpunar. Almenn ytri skilyrði til nýsköpunar hér á landi eru að ýmsu leyti góð en stefnu vantar af hálfu hins opinbera til að nýta þessar aðstæður. Vilhjálmur Lúðvíksson kynnti niðurstöður starfshópsins.

Kynning á stoðumhverfi nýsköpunar

Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Útflutningsráð og Samtök iðnaðarins stóðu að sameiginlegri kynningu þann 12. maí á Grand hótél Reykjavík, í tengslum við sk. SME Week, sem haldin er að frumkvæði ESB. Markmið kynningarinnar var að veita heildaryfirsýn og skapa umræðu um stoðkerfi nýsköpunar fyrir fyrirtæki og frumkvöðla á Íslandi. Eftirfarandi aðilar kynntu þjónustu sína: Byggðastofnun, Einkaleyfastofa, Ferðamálastofa, Innovit, Kauphöllin, Klak, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Rannís, Rannsóknþjónusta HÍ, Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð.

Rannsóknþing

Rannsóknþing Rannís og Vísinda- og tækniráðs var haldið þann 1. júlí á Grand hótél Reykjavík undir yfirskriftinni: *Hvað er framundan?* Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra ávörpuðu þingið og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra afhenti Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs.

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs

Verðlaunin voru afhent á Rannsóknþingi 2009, en þau eru veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað framúr og skapi væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi. Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja vísindamenn til dáða og vekja athygli almennings á gildi rannsókna og starfi vísindamanna. Árlega er auglýst eftir tilnefningum til verðlaunanna og voru að þessu sinni 22 vísindamenn tilnefndir. Ármann Jakobsson bókmenntafræðingur hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2009. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, og formaður ráðsins, afhenti Ármanni verðlaunin.

Vísindavaka og vísindakaffi

Vísindavaka 2009 var haldin föstudaginn 25. september í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu, en hún er haldin samtímis í helstu borgum Evrópu undir heitinu Researchers' Night. Markmiðið með framtakinu er að færa vísindin nær almenningi, kynna manneskjurnar á bak við vísindin og vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi rannsókna- og vísindastarfs í nútímasamfélagi. Var það gert með lifandi kynningum og boðið upp á skemmtilega og fræðandi viðburði fyrir alla fjölskylduna. Allar vísindagreinar eru kynntar á Vísindavöku, hugvísindi jafnt sem raunvísindi. Vikan fyrir Vísindavökuna var einnig tileinkuð vísindunum og almenningi boðið í Vísindakaffi dagana 21.-24. september til að kynna áhugaverðum viðfangsefnum vísindanna og fá tækifæri til að hitta vísindafólkið sjálft. Í aðdraganda Vísindavöku var einnig blásið til teiknisamkeppni fyrir börn um vísindi í daglegu lífi og minnt á mikilvægi vísinda á margs konar hátt.

Efni Vísindakaffisins í ár voru eftirfarandi:

Sturlunga: handbók fyrir ráðvillta nútímaþjóð.

Dr. Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar fjallaði um hvernig fíkn ungra karlmannna í völd og fé réði miklu um fall í íslensku samfélagi í tíð Sturlunga og hvernig þessum atburðum gæti svipað til atburða dagsins í dag.

Veistu hvað þú vilt? - neytendasálfræði og markaðssetning matvæla.

Dr. Valdimar Sigurðsson frá viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík fjallaði um greiningu og mótun neytendahegðunar í verslunum.

Harðsnúin klíka föðurlandssvikara.

Magnús Árni Magnússon forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fjallaði um umræður um Evrópusambandsaðild Íslands og rökin sem notuð eru í henni af fylgjendum og andstæðingum aðildar og umræðan borin saman við umræðuna sem fór fram á Möltu.

Forvarnir í læknisfræði - Góðmennska á villigötum?

Dr. Jóhann Ágúst Sigurðsson yfirlæknir Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Dr. Linn Getz trúnaðarlæknir á LSH og dósent við læknadeild Norwegian University of Science and Technology, veltu upp spurningunum um gildi forvarna.

Vísindi, árangur og fjármögnun

Rannís efndi til ráðstefna á Hótel Grand þriðjudaginn 3. nóvember til að kynna umræðu um árangur sem grundvöll fyrir fjármögnun vísinda. Gunnar Sivertsen, sérfræðingur frá NIFU-STEP í Noregi, flutti erindi um „norska líkanið“ sem hefur að markmiði að mynda grundvöll fyrir fjármögnun vísinda. Fjármögnun vísinda er venjulega með tvennum hætti. Annars vegar bein framlög hins opinbera á fjárlögum og hins vegar framlög til vísindamanna í gegnum samkeppnissjóði á vegum rannsókna- eða vísindaráða. Framlög úr sjóðum fara venjulega í

gegnum matsferli þar sem sérfræðingar leggja mat á gæði verkefna og möguleika þeirra með jafningjamati. Framlög á fjárlögum fara yfirleitt beint til stofnana sem síðan dreifa þeim eftir eigin aðferðum. Norska líkanið gerir mögulegt að miða framlög til einstakra vísindamanna við árangur þeirra í birtingum í ritrýndum tímaritum. Á eftir Gunnari hélt Magnús Magnússon hjá Rannís stutt erindi um birtingar, tilvitnanir og áhrif þeirra. Gerði Magnús sérstaklega grein fyrir svonefndum H-index sem mælir áhrif birtra greina annars vegar í samhengi við fjölda greina og hins vegar með fjölda tilvitnana í greinar viðkomandi vísindamanns

Rannsóknamiðstöð Íslands

Ársreikningur 2009

Rannsóknamiðstöð Íslands
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
kt. 531094-2129

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og samkvæmt verkefnasamningi milli menntamálaráðuneytis og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

Rannís vinnur að eflingu vísindarannsókna, vísindamenntunar, tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Verkefnum Rannís má skipta á eftirtalin svið:

- Umsýsla fyrir sjóði.
- Hagtölur, greining og mat.
- Alþjóðlegt samstarf.
- Kynningarmál.


Skrifstofa Rannís sér um framkvæmd úthlutana og eftirlit með styrkjum úr eftirfarandi sjóðum á árinu 2009:

Rannsóknasjóður, Tækjasjóður, Markáætlun á sviði vísinda og tækni, Rannsóknarnámssjóður, Launasjóður fræðiritahöfunda, Tækniþróunarsjóður, Nýsköpunarsjóður námsmanna, Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur.

Á árinu 2009 varð 9.196 þús.kr. tekjuafgangur af rekstri Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Rannsóknamiðstöðvar Íslands 139.121 þús.kr., skuldir 140.842 þús.kr. og eigið fé var neikvætt um 1.721 þús.kr. í árslok 2009.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands og forstöðumaður Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna staðfesta ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. desember 2010.


Hallgrímur Jónasson,
forstöðumaður.


Hjörtur Björnsson,
forstöðumaður Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna

3-12-10.

Áritun endurskoðenda

Til Rannsóknamiðstöðvar Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Rannsóknamiðstöðvar Íslands á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 3. desember 2010.



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2009

Tekjur	Skýr.	2009	2008
Framlög og styrkir	1	72.916.043	63.078.095
Framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna	2	56.782.500	36.148.894
Aðrar tekjur	3	12.370.198	14.127.876
		<u>142.068.741</u>	<u>113.354.865</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	131.517.028	128.673.221
Starfstengdur kostnaður	5	57.956.513	44.799.470
Annar rekstrarkostnaður	6	33.746.095	33.451.125
Aðkeypt þjónusta	7	19.765.842	32.758.768
Húsnæðiskostnaður	8	20.629.596	18.965.226
Styrkir Nýsköpunarsjóðs námsmanna	9	55.964.884	36.247.939
Tilfærslur, aðrar	10	17.198.434	2.867.703
		<u>336.778.392</u>	<u>297.763.452</u>
Eignakaup	11	1.541.699	2.435.129
		<u>338.320.091</u>	<u>300.198.581</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur		(196.251.350)	(186.843.716)
Fjármunatekjur, nettó	12	8.047.282	18.837.036
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir ríkisframlag		(188.204.068)	(168.006.680)
Ríkisframlag		<u>197.400.000</u>	<u>176.200.000</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		<u>9.195.932</u>	<u>8.193.320</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	2009	2008
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	13	86.429	12.650.459
Viðskiptakröfur		23.010.662	9.582.109
Aðrar skammtímakröfur		1.685.569	2.470.496
Vörslufjárreikningur		40.126.936	40.126.936
Handbært fé		74.211.818	59.244.535
		<u>139.121.417</u>	<u>124.074.536</u>
Eignir alls		<u>139.121.417</u>	<u>124.074.536</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(10.916.638)	(19.109.958)
Tekjuafgangur ársins		9.195.932	8.193.320
Höfuðstóll 14		<u>(1.720.706)</u>	<u>(10.916.638)</u>
Eigið fé		<u>(1.720.706)</u>	<u>(10.916.638)</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		100.715.187	94.864.238
Mótreikningur vörslufjár		40.126.936	40.126.936
Skuldir		<u>140.842.123</u>	<u>134.991.174</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>139.121.417</u>	<u>124.074.536</u>

Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		9.195.932	8.193.320
<i>Rekstrariðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i>			
Áfallnir vextir og verðbætur á skammtímafjárfestingu.....			525.663
Veltufé frá rekstri		<u>9.195.932</u>	<u>8.718.983</u>
 <i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(12.643.626)	21.387.584
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		5.850.949	41.148.982
	(<u>6.792.677)</u>	<u>62.536.566</u>
 Handbært fé frá rekstri		2.403.255	71.255.549
 Fjármögnunarhreyfingar			
 <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(197.400.000)	(176.200.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		209.964.027	154.933.337
Fjármögnunarhreyfingar		<u>12.564.027</u>	<u>(21.266.663)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		14.967.283	49.988.886
 Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>59.244.535</u>	<u>9.255.649</u>
 Handbært fé í lok ársins		<u>74.211.818</u>	<u>59.244.535</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Rannsóknamiðstöðvar Íslands er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun og undanþegin álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Rannsóknamiðstöð Íslands heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina. En laun eru greidd hjá Fjársýslu ríkisins.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 178,5 m.kr. Rekstrarbætur voru 18,5 m.kr. á árinu vegna gengisendurmats á aðildargjöldum. Viðbótarfjárveiting vegna hækkunar tryggingagjalds var 0,9 m.kr. Þá var leiðrétting á fjárheimild til eignakaupa 0,5 m.kr. lækkun. Í heild námu fjárheimildir ársins 2009 því 197,4 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádragnum sértekjum, námu samtals 188,2 m.kr. og urðu því 9,2 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(73.800)	(73.800)	(152.124)	78.324
Laun og launatengd gjöld	118.700	119.600	131.517	(11.917)
Önnur rekstrargjöld	113.600	113.600	137.256	(23.656)
Tilfærslur	20.000	38.500	70.013	(31.513)
	178.500	197.900	186.662	11.238
Eignakaup	0	(500)	1.542	(2.042)
	178.500	197.400	188.204	9.196

Rekstrarreikningur, sundurliðaður eftir viðfangsefnum í þús.kr. er með eftirgreindum hætti:

	2009	2008
Sértekjur	(152.124)	(135.795)
101 Rannsóknamiðstöð Íslands	317.169	283.324
105 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	23.159	20.477
	188.204	168.007

Skýringar

Sundurliðanir

1. Framlög og styrkir

Framlög hækkuðu um 9,8 m.kr. eða 15,6% milli ára. Framlög vegna umsýslu um Tækniþróunarsjóð koma frá iðnaðarráðuneyti. Stofnunin fékk á árinu 2009 10,2 m.kr. framlag úr rannsóknarsjóðum til gera sjónvarpsþætti um vísindi, en slík framlög voru ekki árið áður. Framlög frá erlendum aðilum eru tekjur af samstarfsverkefnum sem eru fjármögnuð af Evrópusambandinu og jukust þær um 18,0 m.kr. milli ára, en þessi framlög eru mjög breytileg milli ára eftir því hvernig staða verkefna er hverju sinni. Á móti lækkuðu önnur innlend framlög um 18,3 m.kr.

	2009	2008
Tækniþróunarsjóður.....	13.400.000	13.400.000
Framlög til sjónvarpsþáttagerðar.....	10.200.000	0
Önnur innlend framlög	9.019.542	27.350.000
Framlög frá erlendum aðilum.....	40.296.501	22.328.095
	<u>72.916.043</u>	<u>63.078.095</u>

2. Framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna

Framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna voru 56,8 m.kr. og hækkuðu um 20,6 m.kr. eða 57,1% frá fyrra ári. Framlög til Nýsköpunarsjóðs eru færð í gegn um bókhald Rannsóknastofnunar Íslands.

3. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur lækkuðu í heild um 1,8 m.kr. eða 12,4% milli ára. Helstu breytingar á einstökum liðum voru þessar: Tekjur vegna kostnaðarhlutdeildar lækkuðu um 5,0 m.kr. sen skýrist af greiðslu sem stofnunin fékk árið 2008 til kaupa á gagnagrunni um vísindalegar birtingar (Thomson scientific). Útgáfu á Rannís blaðinu var hætt árið 2009 og því komu engar tekjur fyrir seldar auglýsingar á árinu. Leigutekjur vegna Bárugötu 3 hækkuðu um 13,7% milli ára. Einnig hækkaði endurgreiddur erlendur ferðakostnaður um 5,0 m.kr. frá árinu á undan, sem er í samræmi við aukin erlend samskipti á árinu.

Kostnaðarhlutdeild.....	1.701.408	6.695.471
Seldar auglýsingar.....	0	2.030.000
Námskeið.....	812.000	841.000
Húsaleiga.....	2.942.885	2.588.126
Endurgreiddur erlendur ferðakostnaður	6.851.976	1.851.049
Ýmsar tekjur.....	61.929	122.230
	<u>12.370.198</u>	<u>14.127.876</u>

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður nam 131,5 m.kr. og hækkaði um 2,8 m.kr. frá árinu áður eða 2,2%. Fjöldi ársverka í dagvinnu á árinu 2009 var 18,2 og fjölgaði þeim um 1,1 eða 6,4% milli ára. Fjölgunin skýrist af starfsmannaveltu og tímabundnum verkefnum sem unnin voru árið 2009. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2009	2008
Dagvinna	98.717.592	96.642.619
Yfirvinna	8.745.150	8.269.382
Aukagreiðslur	1.384.150	1.840.338
Launatengd gjöld	22.670.136	21.920.882
	<u>131.517.028</u>	<u>128.673.221</u>

5. Starfstengdur kostnaður

Starfstengdur kostnaður hækkaði um 13,2 m.kr. eða 29,4% milli ára. Meðal lögbundinna hlutverka Rannsóknamiðstöðvar Íslands er að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og alþjóðastofnanir auk þess að stuðla að samvinnu íslenskra og erlendra vísindamanna. Kostnaður vegna ferða erlendis er mjög breytilegur milli ára og hækkaði hann um 9,8 m.kr. eða 53,8% frá árinu áður. Mesti hluti af erlendum ferðakostnaði er endurgreiddur beint eða óbeint af erlendum samstarfsaðilum. Stofnunin greiðir frá árinu 2008 alfarið erlend aðildargjöld vegna alþjóðlegra samstarfsáætlaða á sviði vísinda sem áður voru greidd af Rannsóknasjóði og skýrir það hækkan á liðnum aðildargjöld sem hækkaði um 2,9 m.kr. milli ára.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	1.061.949	731.171
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	28.042.269	18.230.097
Fundir, ráðstefnur og námskeið	2.638.530	1.791.359
Aðildargjöld	23.375.958	20.461.789
Risna og gjafir	2.067.109	2.808.817
Akstur	770.698	776.237
	<u>57.956.513</u>	<u>44.799.470</u>

Skýringar

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður var nánast óbreyttur milli ára, hækkaði í heild um 0,3 m.kr. eða 0,9%. Leigugjöld fyrir tölvubúnað sem eru í erlendum gjaldmiðli hækkuðu milli ára vegna gengisbreytinga og uppgreiðslu á samningum, en á móti lækkuðu afnotagjöld vegna hugbúnaðar.

	2009	2008
Prentun, fjölrítun, bækur og tímarit.....	3.814.486	3.254.436
Auglýsingar og kynningarstarfsemi.....	11.733.775	12.030.799
Sími og önnur afnotagjöld.....	6.583.753	7.420.780
Máltíðir og matvæli.....	1.938.788	1.822.741
Póstburðargjöld og flutningur.....	745.855	761.191
Leigugjöld, tölvur og tölvubúnaður.....	5.917.453	4.964.622
Kostnaðarhlutdeild, rekstrarfélag	1.505.431	1.413.357
Ýmis kostnaður.....	1.506.554	1.783.199
	<u>33.746.095</u>	<u>33.451.125</u>

7. Aðkeypt þjónusta

Aðkeypt þjónusta lækkaði um 13,0 m.kr. eða um 39,7% frá fyrra ári. Á árinu 2008 var keypt hugbúnaðarvinna við nýtt móttökukerfi vegna umsókna úr rannsóknasjóðum og skýrir það einkum lækkan á kostnaði við tölvu- og kerfisfræðiþjónustu um 7,3 m.kr. milli ára. Stærsti kostnaðarliðurinn í annarri sérfræðiþjónustu lækkaði um 5,7 m.kr. frá fyrra ári, en það eru greiðslur til þeirra aðila sem meta umsóknir í Tækniþróunarsjóði en auk þess sem kostnaður vegna erlendra sérfræðinga lækkaði einnig. Þessi kostnaðarliður getur verið mjög breytilegur milli ára.

Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta.....	8.061.572	15.370.030
Önnur sérfræðiþjónusta.....	11.704.270	17.388.738
	<u>19.765.842</u>	<u>32.758.768</u>

8. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 1,7 m.kr. frá fyrra ári eða 8,8%. Rannsóknamiðstöð Íslands er með aðsetur að Laugavegi 13. Húsnæðið er í eigu HGK ehf. Húsaleiga hækkaði um 8,7% milli ára. Kostnaður við breytingar á raflögnum skýra hækkun á liðnum viðhald. Frávik við ræstingakostnað milli ára skýrist aðallega af vinnu sem féll til utan samnings á árinu 2008.

Húsaleiga.....	15.466.902	14.233.463
Rafmagn og heitt vatn.....	380.224	295.468
Viðhald.....	782.943	53.006
Aðkeypt ræsting.....	2.935.077	3.345.668
Annar húsnæðiskostnaður.....	1.064.450	1.037.621
	<u>20.629.596</u>	<u>18.965.226</u>

Skýringar

9. Styrkir Nýsköpunarsjóðs námsmanna

Styrkveitingar Nýsköpunarsjóðs námsmanna voru færðar gegnum reikninga Rannís á árunum 2009 og 2008. Styrkveitingar árið 2009 námu 56,0 m.kr., sem er hækkun um 19,8 m.kr. eða 54,5% frá fyrra ári.

10. Tilfærslur, aðrar

Tilfærslur námu 17,2 m.kr. árið 2009 og hækkuðu um 14,3 m.kr. sem var nærri sexföldun frá fyrra ári. Rannís veitti 11,1 m.kr. framlag til sjónvarpsþáttaraða um vísindi í takt við framlög sem stofninn fékk til þessa verkefnis. Veittur var 4,0 m.kr. styrkur til Háskóla Íslands vegna þróunar á gagnagrunni fyrir rannsóknarsjóði Rannís. Einnig voru veittir styrkir vegna samstarfsverkefnis Frakklands og Íslands á sviði vísinda- og tæknirannsókna (Jules Verne).

	2009	2008
Sjónvarpsþáttagerð, "Vísindi fyrir alla".....	11.100.520	0
Háskóli Íslands.....	4.049.980	0
Jules Verne.....	1.280.334	1.635.676
Vísindavaka.....	0	500.000
Framlag til Starfsmannafélags Rannís.....	600.000	637.706
Annað.....	132.484	94.321
	<u>17.163.318</u>	<u>2.867.703</u>

11. Eignakaup

Eignakaup námu 1,5 m.kr. og lækkuðu um 0,9 m.kr. eða 36,7% frá fyrra ári. Helstu eignakaup á árinu voru tveir prentarar og tveir myndvarpar.

Tölvubúnaður	516.943	1.120.432
Húsgögn	109.900	135.263
Skrifstofubúnaður	0	997.800
Önnur tæki og búnaður	914.856	181.634
	<u>1.541.699</u>	<u>2.435.129</u>

12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og verðbætur.....	7.793.411	11.165.005
Fjármagnstekjuskattur.....	(951.094)	(1.116.463)
	<u>6.842.317</u>	<u>10.048.542</u>
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(248.956)	(220.716)
Gengismunur.....	1.453.921	9.009.210
	<u>8.047.282</u>	<u>18.837.036</u>

Skýringar

13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Rannsóknarmiðstöðvar Íslands gagnvart ríkissjóði. Þannig eru greiðslur og framlag færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2009 var inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 86 þús.kr. og hafði staða versnað um 12.564 þús.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2009	12.650.456
Ríkisframlag	197.400.000
Greiðslur	(211.120.012)
Millifærslur	1.155.985
Staða 31. desember 2009	<u>86.429</u>

14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Rannsóknarmiðstöðvar Íslands sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur stofnunarinnar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2009 sýnir höfuðstóllinn að notaðar höfðu verið 1,7 m.kr. umfram fjárheimildir og hafði staðan batnað um 9,2 m.kr. frá árinu á undan, eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

<i>Höfuðstóll</i>	
Höfuðstóll 1. janúar 2009	(10.916.638)
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(188.204.068)
Ríkisframlag	197.400.000
Höfuðstóll 31. desember 2009	<u>(1.720.706)</u>

Skýringar

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur					
Rekstrartekjur.....	142.069	113.355	90.902	83.921	65.575
Rekstrargjöld.....	(336.778)	(297.763)	(230.546)	(227.200)	(179.482)
Eignakaup.....	(1.542)	(2.435)	(693)	(4.875)	(745)
Fjármagnsliðir, nettó.....	8.047	18.837	4.031	8.098	8.912
Tekjuafgangur	(188.204)	(168.007)	(136.307)	(140.056)	(105.740)
Ríkisframlag	197.400	176.200	129.700	121.400	106.000
Tekjuafgangur (-halli) ársins	<u>9.196</u>	<u>8.193</u>	<u>(6.607)</u>	<u>(18.656)</u>	<u>260</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	139.121	124.075	83.348	102.491	82.387
Eignir alls	<u>139.121</u>	<u>124.075</u>	<u>83.348</u>	<u>102.491</u>	<u>82.387</u>
Höfuðstóll					
Höfuðstóll.....	(1.721)	(10.917)	(19.110)	(12.503)	6.153
Skammtímaskuldir	140.842	134.991	102.458	114.994	76.234
Eigið fé og skuldir alls	<u>139.121</u>	<u>124.074</u>	<u>83.348</u>	<u>102.491</u>	<u>82.387</u>



Úthlutanir

2009

ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2009

Markáætlun um öndvegissetur og klasa – úthlutun 2009

Verkefni	Verkefnisstjóri	Styrkur 2009 (þús. kr.):
Alþjóðlegur rannsóknarklassi í jarðhita	Sigurður M. Garðarsson	70.000
Vitvélasetur Íslands	Kristinn R. Þórisson	55.000
Öndvegissetur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum	Irma Erlingsdóttir	35.000

Rannsóknarsjóður

Forverkefnisstyrkir			
Verkefnisstjóri	Stofnun	Heiti verkefnis	Veitt (þús.kr)
Ása Brynjólfsdóttir	Bláa lónið hf.	Bláa lónið - sphingosine kinasahindri	500
Viggó Þór Marteinsson	Matís ohf.	Landnám örvera í Surtsey	500
Zophonías O. Jónsson	Háskóli Íslands	miRNA í laxfiskum	500
Haraldur Sigþórsson	Háskólinn í Reykjavík	Rannsókn á mannlegum þáttum tengdum umferðarmeningu	500
Hanna Ragnarsdóttir, Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir	Háskóli Íslands	Fjölmennningarlegt samfélag á breytingatímum	500
Jón Hallsteinn Hallsson	Landbúnaðarháskóli Íslands	Náttúruval í þrjú hundruð ár: Mat á erfðafjölbreytni, efnainnihaldi og nýtingarsögu íslensks kúmens (<i>Carum carvi</i> L.).	500
Atli F. Magnússon	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Mat á árangri snemmtækrar heildstæðrar atferlisihlutunar fyrir börn í áhættuhópi fyrir þroskahömlun	500
Kristín Svavarsdóttir	Landgræðsla ríkisins	Ágengar aðfluttar tegundir í landgræðslu	500
Samtals			4.000

Öndvegisstyrkir

Verkefnisstjóri	Stofnun	Heiti verkefnis	Veitt (þús.kr)
Einar Steingrímsson	Háskólinn í Reykjavík	Fléttufræði umraðana og orða	24.600
Eiríkur Rögnvaldsson	Háskóli Íslands	Hagkvæm máltækni utan ensku - íslenska tilraunin	14.535
Hannes Jónsson	Háskóli Íslands	Reiknisetur fyrir hönnun efna og íhluta	24.945
Vilmundur Guðnason	Hjartavernd	Breytingar í stærð og samsetningu skella í hálsæðavegg og tengsl orsakabátta - langsníðsrannsókn	24.793
Samtals			88.873

ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2009

Rannsóknastöðustyrkir

Verkefnisstjóri	Stofnun	Heiti verkefnis	Veitt (þús.kr)
Björn Waske	Háskóli Íslands	Bætt umhverfiseftirlit með fjarkönnun	4.440
Davíð Ólafsson	ReykjavíkAkademían	Handritasamfélag - þekkingarsamfélag. Handritamenning í Kaldrananeshreppi á Ströndum 1850-1900	4.440
Eyja Margrét Brynjarsdóttir	Háskóli Íslands	Huglægir eiginleikar	4.579
Hilmar Viðarsson	Háskóli Íslands	Vefaukandi virkni aminósýkra - sameindalíffræðilegir ferlar	4.590
Valdimar Sigurðsson	Háskólinn í Reykjavík	Valhegðun neytenda á matvælum: Tilraunir í verslunum	4.440
Samtals			22.489

Verkefnastyrkir: Verkfræði, tæknivísindi og raunvísindi

Verkefnisstjóri	Stofnun	Heiti verkefnis	Veitt (þús.kr)
Ágúst Kvaran	Háskóli Íslands	Ljóssundrun á sameindaskala; orkueiginleikar og ferli	5.098
Benedikt Halldórsson	Háskóli Íslands	Jarðskjálftinn í Ölfusi 29. maí 2008	5.690
Einar Örn Sveinbjörnsson	Háskóli Íslands	Oxun kísilkarbíðs með hjálp alkalíjóna	4.480
Fjóla Jónsdóttir	Háskóli Íslands	Styrking á rafsegulvökvum með nanóögnum	4.310
Gissur Örylgsson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Lífvirkir málmígræðingar með gropinni byggingu	5.245
Magnús Már Halldórsson	Háskólinn í Reykjavík	Reiknirit fyrir þráðlaus net	3.110
Sigþór Pétursson	Háskólinn á Akureyri	Diarylmethyl ether-varnarhópar fyrir einsýkrur og skyld fjölhydroxyefnasambönd	2.058
Snorri Þór Sigurðsson	Háskóli Íslands	Notkun stífra spunamerkja við rannsóknir á kjarnsýrum með EPR-spektróskopíu	9.360
Samtals			39.351

Verkefnastyrkir: Náttúruvísindi og umhverfivísindi

Verkefnisstjóri	Stofnun	Heiti verkefnis	Veitt (þús.kr)
Andri Stefánsson	Háskóli Íslands	Rokgjörn efni í jarðhitagufu og eldfjallagasi	4.239
Guðmundur Óli Hreggviðsson	Mátís	Pan-Thermus - aðskilnaður tegunda	6.973
Ingibjörg Harðardóttir	Háskóli Íslands	Ónæmisfræðileg áhrif lífrænna mengunarefna sem finnast í hafi	3.914
Magnús Tumi Guðmundsson	Háskóli Íslands	Varmaflutningur frá kviku og heitu bergi í snertingu við vatn eða ís	3.000
Morten S. Riishuus	Háskóli Íslands	Ar-Ar aldursgreiningar á tertier-jarðlögum Íslands	2.360
Oddur Vilhelmsson	Háskólinn á Akureyri	Ljósóháðar sambýlisbakteríur strandfléttna	3.235
Ólafur K. Nielsen	Náttúrufræðistofnun Íslands	Íslenska rjúpan (<i>Lagopus muta</i>): Heilbrigði og stofnbreytingar	8.188
Páll Einarsson	Háskóli Íslands	Sprungusveimar Norðurgosbeltisins	4.259
Skúli Skúlason	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	Mikilvægi vistfræðilegra þátta fyrir þróun líffræðilegs fjölbreytileika: Mikilvægi breytileika í tíma og rúmi í náttúruvali fyrir þróun hornsíla í og við Mývatn.	6.550
Starri Heiðmarsson	Náttúrufræðistofnun Íslands	Íslenskar fjörusvertur, þróunarsaga og flokunarfræði	1.097

ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2009

Valgerður Edda Benediktsdóttir	Háskóli Íslands	Áhrif n-3 fjölmottaðra fitusýra úr fóðri á staðsetningu próteina í himnuflekum og boðflutninga adrenergra viðtaka í hjartavöðvafrumum úr rottum	2.525
Póra Árnadóttir	Háskóli Íslands	Jarðskjálftahrinur í Suðurlandsbrotabeltinu	6.583
Póra Ellen Þórhallsdóttir	Háskóli Íslands	Framvinda gróðurs og vistkerfa við hörfandi jökla	4.332
Samtals			57.255

Verkefnastykir: Heilbrigðisvísindi og lífvísindi

Verkefnisstjóri	Stofnun	Heiti verkefnis	Veitt (þús.kr)
Einar Stefánsson	Háskóli Íslands	Súrefnisbúskapur sjónhimnu í sykursýki	4.470
Eiríkur Steingrímsson	Háskóli Íslands	Boðleiðir til Mitf og val markgena	6.400
Gunnar Guðmundsson	Landspítali	Æðasjúkdómar í langvinnri lungnateppu	6.452
Helga Jónsdóttir	Háskóli Íslands	Efling heilbrigðis og sjálfsúðunnunar hjá fólki með langvinna lungnateppu og fjölskyldum þeirra	3.910
Hörður G. Kristinsson	Mafís	Lífvirk efni úr sjávarfangi: frá uppruna til hvarfstöðva	4.440
Inga Reynisdóttir	Landspítali	Áhrifagen á framvindu brjóstakrabbameins á litningi 8p12-p11	6.493
Ingileif Jónsdóttir	Landspítali	Langtíma T- og B-frumu ónæmisminni gegn kúabólu	6.508
Magnús K. Magnússon	Landspítali	Stofnfrumur og lungnakrabbamein: Eðlileg formgerð í samanburði við krabbameinsformgerð í þvíðum ræktunum	6.310
Þorsteinn Loftsson	Háskóli Íslands	Fléttur kalixarena, sýklódextrína og dextrína sem lyfjaferjur	3.300
Þórarinn Guðjónsson	Háskóli Íslands	Bandvefslík umbreyting stofnfruma í brjóstskirtli	5.700
Samtals			53.983

Verkefnastykir: Félagsvísindi og hugvísindi

Verkefnisstjóri	Stofnun	Heiti verkefnis	Veitt (þús.kr)
Birna Arnbjörnsdóttir	Háskóli Íslands	Enska sem "lingua franca" á Íslandi? Staða enskunnar og breytt málumhverfi	6.435
Brynhildur Davíðsdóttir	Háskóli Íslands	Hagrænt mat á þjónustu vistkerfa: Heiðmörk	7.420
Friðrik H. Jónsson	Háskóli Íslands	Lífsgildi Íslendinga 2009	6.020
